

Minnisblað – verkefni í stafrænni þróun

Dagsetning 8.2.2021	Viðtakendur Bæjarstjóri, bæjarritari og upplýsingastjóri
------------------------	---

Verkefni nr.	Verkefni sem lagt er til að farið verði í	Tímalína – hvenær hægt að innleiða?	Áætlaður kostnaður
1.	Ábendingakerfi á vef – utanumhald verkefna hjá þjónustumiðstöð/áholdahúsi Kerfi á vef Garðabæjar sem virkar vel bæði í tölvu og sínum/öðrum snjalltækjum. Íbúar fara á aðgengilegt kort af Garðabæ og setja inn ábendingu um það sem laga þarf í umhverfi. Sem dæmi væru ábendingar um snjómokstur, hálkuvarnir, sorphirðu, holur í malbiki, stíga sem þarf að laga o.fl. Hægt að senda mynd af því sem þarf að laga með ábendingunni. Ábending fer í Main Manager kerfið sem skilar henni til réttis aðila í Þjónustumiðstöð að vinna úr. Íbúi fær svo skilaboð þegar búið er að ljúka verki.	Kerfi tilbúið, þyrfti að setja upp á vef og tengja innanhúss. 2-3 mánuðir áætlaðir	Kostnaður við innleiðingu um 1 milljón, rekstrar-kostnaður 1 milljón pr ár
2.	Skráningar- og upplýsingakerfi fyrir frístundaheimili Núna er ekkert kerfi á frístundaheimilum, umsóknir á Mínum Garðabæ/One og svo haldið utanum upplýsingar á Excel formi. Skapar auka vinnu og villuhættur. Tvö sambærileg kerfi til á Íslandi, Vala og Karellen, lagt til að vinna með Karellen vegna samfellu með leikskólaumhverfi. Gott app fyrir foreldra fylgir.	Ef undirbúningur fer fljótlega í gang verður það tilbúið fyrir haustið 2021	Kerfið frítt á fyrsta ári, kostnaður eftir það um 2 milljónir á ári fyrir öll 6 frístunda-heimilin
3.	Skráningar- og upplýsingakerfi fyrir Vinnuskólann Núna er ekkert kerfi í Vinnuskólanum, umsóknir á ráðningavef og svo haldið utanum upplýsingar í Excel og í Vinnustund og H3 (kjaradeild). Vala kerfið er með vinnuskóla útgáfu sem Reykjavík og Kópavogur nota, er einfalt og notendavænt, hægt að tengja við okkar kerfi.	Hægt að setja í gang fyrir sumar 2021 en áætlað fyrir 2022	Um 500 þúsund í innleiðingu, árlegur kostnaður um 1 milljón
4.	Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla (sálfræði, talmeinafræði o.fl.) Kerfi tilbúið hjá One systems, þróað með Kópavogi. Þarf að kaupa 3 kerfiseiningar, „One Psycho Consulting“, „One Portal Intranet“ og „One Sign“ svo allt virki, en síðari 2 kerfin geta nýst fleiri sviðum á ýmsan hátt. Myndi bæta öryggi gagna í þessum viðkvæmu málum, minnka handavinnu og pappírsmálslur á milli stofnana. Einnig er sjálfvirk skjölun í kerfinu og meira gagnsæi fyrir foreldra.	Kerfi tilbúið en þarf mikinn undirbúning, innleiðing á 1-2 árum	2.5 – 3 milljónir að kaupa kerfin og innleiða, árlegur kostnaður um 1,2 milljónir.

Verkefni nr.	Verkefni sem lagt er til að farið verði í	Tímalína – hvenær hægt að innleiða?	Áætlaður kostnaður
5.	Einfaldar reiknivélar á vef, fasteignagjöld, leikskólagjöld, sorphirðudagatal o.fl Tilbúið hjá Hafnarfirði, getum fengið endurgjaldslaust. Íbúinn slær inn fjölda barna eða heimilisfang og fær upplýsingar um kostnað við t.d. leikskóla og tómstundaheimili, hvenær sorphirða verður og upphæð fasteignagjalda .	Vinna með forritara í nokkar vikur, einnig vinna á vef	500 þúsund – 1 milljón eftir því hversu margt verður gert
6.	Aðgangur í sundlaugar í gegnum app/vef Íbúar og aðrir notendur myndu kaupa aðgang í sundlaugar Garðabæjar á netinu og fá miða/kort í síma sem virkar í aðgangskerfi lauganna. Sjálfsafgreiðsla fyrir íbúa og þægindi að þurfa ekki að standa í röð og kaupa miða.	6 mánuðir áætlað	1-2 milljónir að tengja saman kerfi, hægt að þróa meira í framhaldi
7.	Upplýsingavefur og kynningar á heimsmarkmiðum Garðabæjar Nýr vefur undir gardabaer.is um heimsmarkmiðin og innleiðingu þeirra í Garðabæ. Vefur verður í uppbyggingu og þróun næstu ár.	2-3 mánuðir fyrsti fasi	1-1,5 milljónir 2021
8.	Kerfi í velferðarmálum sem nýtast heimaþjónustu Nokkur kerfi komin í notkun hjá sveitarfélögum á Íslandi, t.d. Care-on og Memaxi. Betri tenging við þjónustuþega og getur fækkað heimsóknum.	Óljóst	Ekki komin tilboð